

Ed. 663. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 650 með þessari breytingu:

2. gr. F hljóðar svo:

F. Breiðafjörður.

- F 1. Frá línu, réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, að línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, (grunnlinupunktur 33), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sbr. þó F 5.
- F 2. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti, 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita í Bjargtanga (grunnlinupunktur 33), milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 250° úr stað á $65^\circ 09'$ n.br. $23^\circ 40'$ v.lg. og 290° úr stað á $65^\circ 19'$ n.br., $23^\circ 51'$ v.lg., sbr. þó F 5.
- F 3. Skipum, 105 brúttórúmllestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 16. september utan línu, sem dregin er 2 sjómílur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita og þaðan í punkt $65^\circ 0'$ n.br. $23^\circ 30'$ v.lg. og þaðan í punkt $65^\circ 09'$ n.br. $23^\circ 40'$ v.lg., og línu, sem dregin er í 250° réttvísandi stefnu úr þeim punkti, sbr. þó F 5.
- F 4. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum, 105 brúttó rúmllestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er réttvísandi 250° úr punkti $65^\circ 09'$ n.br., $23^\circ 40'$ v.lg., og línu úr þeim punkti í punkt $65^\circ 19'$ n.br., $23^\circ 51'$ v.lg., og þaðan í réttvísandi 290° , sbr. þó F 5.
- F 5. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í F 1—F 4.